Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Rinse aid Toilet flush conc 1 liter**

Vörunúmer: **100010138**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Salernishreinsir.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi, sjá hér að ofan.

1.3 Söluaðili:

N1
Dalvegur 10-14
201 Kópavogur

Sími: 440 1000
Netfang: n1@n1.is
Veffang: www.n1.is

Framleiðandi:
TORQWELL AB
Östergårdsgatan 16
S-524 33 Herrljunga
Svíþjóð
00-46- 513-799 100
info@torqwell.com
www.torqwell.com

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H318	Veldur alvarlegum augnskaða	Augnskað.1
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörunarorð **HÆTTA**

Hættusetningar

H315	Veldur húðertingu
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Varnaðarsetningar

P101	Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk.
P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
P273	Forðist losun út í umhverfið.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar.
P302+P352	BERIST EFNIÐ Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni.
P305+P351+P338	BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P310	Hringið umsvifalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ/lækni.
EUH208	Inniheldur Eukalyptól. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

Inniheldur: Alkýl-C12-16-dímetýlbensýlammóníumklóríð <5%.

2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Alkýl-C12-16-dímetýlbensýlammóníumklóríð			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**< 5**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	270-325-2	**H-setningar**	-
CAS	68424-85-1	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit.4 - **H302** Húðæt.1B - **H314,** Augnskað.1 - **H318,** Bráð eit.á vatn 1 - **H400** (M=10), Langv.eit.á vatn 1 - **H410**			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almennt Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis.

Innöndun Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið læknis verði vart við einkenni.

Snerting við húð Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Hreinsið húð með vatni. Leitið læknis verði vart við ertingu.

Snerting við augu Skolið varlega með miklu vatni í allnokkrar mínútur, og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið augnlæknis hverfi einkenni ekki fljótlega.

Inntaka Skolið munn rækilega með vatni. Framkallið ekki uppköst. Leitið læknis við óþægindi.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Veldur alvarlegum augnskaða.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Froða, slökkviduft, koldíoxíð, vatnsúði. Veljið slökkviefni eftir aðstæðum hverju sinni.

Óhentugur slökkvibúnaður: -

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Engar sérstakar hættur þekktar.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við augu og húð. Reykið ekki.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka, sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni við hreinsistörf. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Hreinsið mengað svæði með miklu vatni.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist snertingu við húð og augu.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á þurrum, frostfríum, vel loftræstum stað.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Alkýl-C12-16-dímetýlbensýlammóníumklóríð					
Notkunarsvið vöru	**Snertileið**	**Lýsing áhrifa**	**Mæliaðferð**	**Gildi**	**Eining**
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	5,7	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	3,96	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	3,4	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	1,64	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	3,4	mg/kg
	Umhverfi, ferskvatn		PNEC	0,0009	mg/l
	Umhverfi, sjór		PNEC	0,00096	mg/l
	Umhverfi, ferskvatn set		PNEC	12,27	mg/kg
	Umhverfi, sjór set		PNEC	13,09	mg/kg
	Umhverfi, hreinsistöð		PNEC	0,4	mg/kg
	Umhverfi, jarðvegur		PNEC	7	mg/kg

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.



Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.
Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166).

Húð - hendur Notið efnahelda hanska, t.d. úr nítrílgúmmíi (EN 374). Notið verndarkrem.
Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.
Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma.

Húð - annað Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

Öndunarfæri Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkenndan öndunarbúnað.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand: Vökvi, glær
Lykt: Ilmandi
Litur: Blár
pH (20°C): 10,5
Eðlismassi (20°C): 1,01 g/cm3
Leysanleiki í vatni: Blandast vatni

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:
Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:
Stöðugt við venjulega notkun og meðferð. Sjá liði 10.4 til 10.6.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:
Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:
Engin þekkt.

10.5 Ósamrýmanleg efni:
Engin þekkt.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:
Engin þekkt.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Alkýl-C12-16-dímetýlbensýlammóníumklóríð					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	795	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>5000	mg/kg		reiknuð stærð

Innöndun	Gufa getur valdið ertingu í öndunarvegi og hósta.
Húð	Langvarandi eða endurtekin snerting getur valdið ertingu.
Augu	Snerting getur valdið ertingu.
Inntaka	Inntaka getur valdið ertingu og vanlíðan.
Eiturhrif á fóstur	Engin áhrif þekkt.
Krabbamein	Engin áhrif þekkt.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Alkýl-C12-16-dímetýlbensýlammóníumklóríð					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	0,85 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC_{50}	0,016 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EC_{50}	0,026 mg/l	96 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		>60%			Öll lífræn innihaldsefni talin brotna niður
Uppsöfnun í lífverum		Ekki vænst			
Dreifanleiki í jarðvegi		Vatnsleysanlegt			
PBT/vPvB		Engin áhrif þekkt			

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara
Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.

Óhreinar umbúðir
Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Ekki skal gata eða skera í óhreinsaðar umbúðir.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:	Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat liggur ekki fyrir.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H302	Hættulegt við inntöku
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H315	Veldur húðertingu
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 1/08.03.2022

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***TORQWELL AB***
SÄKERHETSDATABLAD
Camping Club Toalettspol
Útgáfa: *04.02.2022*